# Náttúrufræði - 5. bekkur ´24-´25

Kennarar: Jóna K. Karlsdóttir | 5

## Skólaárið

2024 - 2025

## Helstu námsþættir vetrarins

- Fána og flóra, frumur, bakteríur og veirur. Uppruni lífs, flokkun lífvera og fjölbreytileiki. Hringrás lífsins.
- Mismunandi búsvæði lífvera og vistkerfi.
- Líffærakerfi líkamans, blóðrás, öndunarfæri, beinagrindin, vöðvar og húð.
- Tækni og nýsköpun
- Veður, hitastig, haf- og loftstraumar, gróðurhúsaáhrif og loftstraumar.

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Áhersla lögð á vistkerfi, flóru og fánu. Litið til nærumhverfis, farið í vettvangsferðir og gerðar athuganir sem unnið er nánar með í kennslustofu. Mikilvægi umhverfisverndar, sjálfbærni, verndar á náttúruauðlindum og flokkun úrgangsefna.

Skoðað er veðurfar á Íslandi, ólíkar gerðir loftslags, hamskiptli, hitastig og mælingar. Einnig eru skoðaðir haf- og loftstraumar á jörðinni. Nemendur vinna með veðurathuganir og veðurspár.

Fjallað verður um helstu tækninýjungar sem hafa haft áhrif á fólk og nýsköpunarferlið.

Helstu líffærakerfi líkamans s.s. blóðrás, öndun og stoðkerfi.

## Námsaðlögun

Námsefni aðlagað eftir þörfum.

## Námsmat

Kennaramat á vinnubrögðum, verkefnavinnu, einstaklingsvinnu jafnt sem hópavinnu.

## Námsgögn

Náttúrulega 1, les- og vinnubók, ásamt myndböndum, veraldarvef og öðru efni frá kennara.

AS Náttúrugreinar 5. bekkur 2024 - 2025

- **Hæfnieinkunn (5 tákn)**

AS Náttúrugreinar 5. bekkur 2024 - 2025 - Geta til aðgerða

- rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi

AS Náttúrugreinar 5. bekkur 2024 - 2025 - Nýsköpun og

hagnýting þekkingar

- fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru

AS Náttúrugreinar 5. bekkur 2024 - 2025 - Gildi og hlutverk vísinda

- unnið með aldursamsvarandi hugtök tengd náttúrufræðivísindum. Áttað sig á náttúru og lífríki Íslands með áherslu á landið
- lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum
- útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks

AS Náttúrugreinar 5. bekkur 2024 - 2025 - Vinnubrögð og færni

- leitað upplýsinga í fræðitexta og unnið með þær
- kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur
- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni
- sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt

AS Náttúrugreinar 5. bekkur 2024 - 2025 - Ábyrgð á

umhverfinu

- tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru

AS Náttúrugreinar 5. bekkur 2024 - 2025 - Að búa á jörðinni

- fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð. Lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi

AS Náttúrugreinar 5. bekkur 2024 - 2025 - Lífsskilyrði manna

- lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum. Útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er

AS Náttúrugreinar 5. bekkur 2024 - 2025 - Náttúra

Íslands

- útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðenda

AS Náttúrugreinar 5. bekkur 2024 - 2025 - Heilbrigði

umhverfisins

- Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs

- Gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti